

103 — *Brjef landshöfðingja til Bjarnar ritstjóra Jónssonar í Reykjavík um útgáfu*
28. júlí.
kennslubóka í dýrafræði og steinafræði. — Eptir að þjer, herra ritstjóri, hafði í brjefi frá 27. p. m. boðizt til að taka að yður að kosta útgáfu kennslubóka, er adjunkt Benidikt Gröndal hefir samið í steinafræði og dýrafræði, með 15 kr. styrk fyrir hverja örki, í því broti, sem höfundurinn óskar, auk ókeypis handrits og prófarkalesturs, og þannig, að þjer fáið helming styrksins greiddan, þegar prentunin er hálfnuð, en hinn helminginn þegar henni er lokið, veiti jeg yður hjer með tjeðan styrk, með því skilyrði, að þjer, ef eigi stendur á prófarkalestri, hafði lokið prentun á svo miklu af ritum þessum í haust, áður en kennslan byrjar í skólanum, að hlutaðeigandi kennari geti notað þau við kennsluna, og að prentuninni að öðru leyti verði haldið áfram svo fljótt, að nefndur kennari geti ekkert þar út á sett; og að þjer seljið bókina við sem vægustu verði, eigi dýrara en á 20 a. örkina.

104 — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um fram-*
3. ágúst
færslu sveitarómaga. — Eptir að þjer, herra amtmaður, hafði tjáð mjer álit yðar um áfrýjun hreppsnefndarinnar í Leiðvallahreppi á úrskurði yðar frá 25. marz f. á., er ákveður, að þeim hreppi, sem var á dánardægri framfærsluhreppur Jóns Jónssonar frá Dölum á Vestmannaeyjum, beri framvegis að sjá fyrir ekkju hans, Ólöfu Ólafsdóttur, og endurgjalda Vestmannaeyjahreppi það, sem henni þar hefir verið lagt úr sveitarsjóði, skal yður til þókanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda tjáð það, er nú skal greina

Hinn fráfallni maður ekkju þeirrar, er hjer á í hlut, fluttist í Vestmannaeyjar í maímánuði vorid 1864, úr Leiðvallahreppi, sem hefir viðurkennt, að hann þá var þar sveitlagur; en 13. marz 1874 drukknaði hann. Að vísu sjest það á skjölum málsins, að ekkjan hefir síðan setið í óskiptu búi á Vestmannaeyjum, án þess að þiggja af sveit, að minnsta kosti til næstu fardaga, en þetta atriði virðist ekki geta komið til greina gegn ákvörðuninni í 6. gr. reglugj. 8. janúar 1834, en eptir þeirri grein heldur gipt kona framfærslusveit þeirri, er maður hennar átti á dánardægri, þangað til hún ávinnur sjer sjálf nýjan framfærsluhrepp.

Jeg verð þess vegna að vera amtmanninum samdóma að því er snertir úrslit þessa máls, og staðfestist hjer með úrskurður amtsins frá 25. marz f. á., þannig, að Leiðvallahreppi ber að framfæra ekkjuna Ólöfu Ólafsdóttur, og endurgjalda Vestmannaeyjahreppi það, sem henni þar hefir verið lagt úr sveitarsjóði.

105 — *Ágrip af brjefi landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu*
9. ágúst
um útbýtingu á styrk til jarðabóta handa norður- og austurumdæminu. Með brjefi þessu úthlutaði landshöfðingi nokkru af fje því, sem veitt var í 10. gr. fjárlaganna, C, 5, til jarðabóta, þannig, að þessir námspiltar í búnaðarskólum í Noregi skyldu fá styrk til að halda áfram námi sínu: Jón Eiriksson frá Þorgerðarstöðum í Fjótssdal, Páll Jónasson frá Þverá í Þingeyjarsýslu og Pjetur Pjetursson frá Sólheimum í Húnavatnssýslu 200 kr. hver, og Guttormur Vigfússon frá Arneidarstöðum í Suður-Múlasýlu 160 kr.; og að Þórunn Halldórsdóttir frá Hofi í Vopnafirði skyldi fá 200 kr. styrk til að kaupa fyrir mjólkuráhöld, en ef hún, sem heyrzt hefði, skilaði fjenu

aptur, skyldi 160 kr. af þeim ganga til vatnsveitinga í Staðarbyggðarmýrum, en hinum 40 kr. skyldi bæta við styrkiun handa Guttormi Vigfússyni, svo hann yrði 200 kr. **105**
9. ágúst.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lán handa sýslu- nefnd.* Eftir málavöxtum þeim, er þjer hafid frá skýrt, herra landshöfðingi, í þóknan- legu brjefi yðar 28. júní þ. á., er yður hjer með þjónustusamlega veitt umboð til að veita Borgarfjarðarsýslu lán úr viðlagasjóði landsins, er nemi 1000 kr., til þess að afstýra hallari í Akraneshreppi á vetri þeim, er í hönd fer, og skal greiða 4 af hundraði í vöxtu af lánsfje þessu, og endurborga það á tveggja ára fresti. **106**
14. ágúst.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um endurborgun á innskriftargjaldi frá vesturförum.* **107**
16. ágúst.

Þjer hafid, herra amtmaður, sent mjer bónarbrjef með fylgiskjali frá hreppsnefnd- inni í Þistilfirði um endurborgun á innskriftargjaldi Snorra bónda Jónssonar á Svalbarði og Stefáns bónda Kristjánssonar á Eyvindarstöðum í Kelduhverfi. Höfðu báðir þessir menn ætlað sjer til Vesturheims með fjölskyldu sína og sent L. Jensen gestgjafa inn- skriftargjaldið, en þegar til kom, hættu þeir við að fara, af því þá vantaði farareyri þann, sem með þurfti auk innskriftargjaldsins. Álitid þjer ísjárvert fyrir landsstjórnina, að hlutast til um þetta mál, þar sem það var nefndum bændum sjálfum að kenna, að ekkert varð úr hinni fyrirhuguðu Vesturheimsferð, og með því jeg verð að vera yður samdóma um þetta, bið jeg yður að tjá hlutadeigöndum, að jeg sjái mjer ekki fært að skipta mjer neitt af þessu máli.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um fjár- rekstra yfir takmörk kláðasvæðisins.* — Þrátt fyrir óþrif þau, er komid hafa fram allviða á kláðasvæðinu síðastliðinn vetur og vor, virðist hið almenna heilbrigð- isástand fjárins í hinum kláðagrunuðu sveitum vera svo, að ástæða sje til að veita hinar sömu undanþágur sem veittar voru í fyrra haust, frá banni mínu 18. marz f. á. gegn fjár- rekstrum og fjárflutningum yfir takmörk kláðasvæðisins, en þau eru að vestan og norðan Hvítá í Borgarfirði upp að Deildargili, Deildargil og Kaldidalur, en að austan Brúará, Hvítá og Ölvesá. **108**
29. ágúst.

Fyrir því skal hjer með leyft að reka fje eða flytja til skurðar yfir greind takmörk, með þeim nákvæmari skilyrðum, sem til eru tekin í auglýsingu landshöfðingja frá 9. sept. f. á. um undanþágur undan fjárrekstrabanni (Stjórnartíð. 1876 B. 100). Þetta er tjáð yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstafanar.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um end- urgreiðslu sveitarstyrks.* — Með úrskurði yðar, herra amtmaður, frá 4. nóvbr. f. á., er hreppsnefndin í Álptaneshreppi hefir áfryjað, er hún skylduð til að end- urgjalda bæjarsjóði Reykjavíkurkaupstaðar kostnaðinn við sjúkdómslegu Sesselju Tómas- dóttur í sjúkrahúsinu í Reykjavík veturinn 1875—76, alls 153 kr. 38 a. **109**
11. sept.

Áminnstri Sesselju var eftir áskorun hjeraðslæknisins komid á sjúkrahúsið 20.